

Kæru gestir, leiðbeinendur og útskriftarnemar.

Í dag er stóri dagurinn í starfi Sjúkraflutningaskólans, eiginlega enn stærri útskriftardagur en nokkru sinni áður, dagurinn sem við höfum stefnt að og beðið eftir svo lengi, enda orðin þrjú ár síðan við gátum formlega haldið útskrift síðast. Það er ávallt ánægjulegt að sjá nýjan hóp af útskriftarnemum og kannski sérstaklega ánægjulegt í dag. Við höfum virkilega þurft að hafa fyrir hlutunum síðustu þrjú árin, ekki bara í náminu, heldur ekki síður öllu okkar daglega lífi. Allskonar sértæk læknisfræðileg hugtök eins og stökkbreytingar, hjarðónæmi, samskiptafjarlægð, sóttkví og smitgát urðu á hvers manns vörum og nánast allir voru allt í einu orðnir sérfræðingar í heimsfaraldri. Þetta kallaði á nýjar nálganir í og nýjar lausnir í sjúkraflutningum, og sýndi sig hvað íslenskir sjúkraflutningamenn voru einstaklega lausnarmiðaðir í störfum sínum. Þetta kallaði líka á nýjar nálganir í náminu hjá okkur, fyrst í stað fórum við í að fresta lotum og starfsþjálfun fór úr skorðum en síðan þróuðu leiðbeinendur lausnir til að geta haldið áfram að kenna með nýjum aðferðum og nýjum lausnum. Það að æfa sig með hönskum og maska var ekki lengur „leikrit“ heldur dauðans alvara og gríðarlega mikilvægt að allir færu eftir reglum til að missa ekki heilu námskeiðshópana í smit og þar með fjölskyldur, vinnufélaga, ættingja, leiðbeinendur og svo framvegis. Enda tókst okkur að komast í gegnum þetta án þess að upp kæmi smit í nokkrum hóp, sumir misstu af sínum lotum vegna sóttkvíar eða einangrunar en leiðbeinendur lögðu mikið á sig til að námið gengi upp hjá öllum og fórnðu frítíma sínum til að bjóða upp á aukakennsludaga fyrir þá sem misstu úr. Ég vil þakka ykkur nemendum fyrir einstakan dugnað á þessum tíma en ekki síður ykkur leiðbeinendum fyrir einstaklega mikla þolinmæði og endalausar lausnir í erfiðum aðstæðum! Þetta hefði ekki gengið án ykkar, eins og reyndar allt okkar nám!

Skólinn útskrifar nú 534 nemendur fyrir árin 2020-21 og 22.

Þar af eru 224 að fá grunnréttindi sem sjúkraflutningamenn, 85 útskrifast með framhaldsmenntun AEMT og 225 vettvangsliðar hafa verið menntaðir á síðustu 3 árum. Grunnnámskeiðið er 271 klst, og þar af er starfsþjálfun 60 tímar, á sjúkrabílum og á bráðamóttökum, auk þess sem nemandur fær 4 tíma kynningu með neyðarvörðum 112. Samtals voru haldin 20 grunnnámskeið þessi þrjú ár, sex í Sandgerði, sex í Reykjavík, þrjú á Akureyri, þrjú á Reyðarfirði, eitt í Keflavík og eitt á Ísafirði. Þess má einnig geta að af þessum 224 nemendum voru 89 sendir sendur á vegum rekstraraðila sjúkraflutninga en 135 kom á eigin vegum.

85 nemendur eru nú að ljúka framhaldsnámi í sjúkraflutningum, AEMT, Reyntslan er sú að allflestir sem fara að vinna við sjúkraflutninga bæta þessu námi við sig enda gert ráð fyrir því í verkferlum. Þetta framhaldsnám byggir á framhaldsnámi í Bandaríkjunum sem nefnt er EMT-Advanced og byggir á námsefni þaðan sem hefur verið þýtt og staðfært eins og reyndar grunnnámskeiðið og vettvangsliðanámið líka. Framhaldsnáminu er skipt upp í fjórar lotur sem hver um sig er 80-120 tímar. , auk lokafærnimats. Árin 2020-21 voru haldin 30 námskeið í lotum 1-4 auk lokafærnimats með samtals 253 þátttakendum og það sem af er þessu ári hafa verið haldin 12 námskeið og færnimöt með samtals 79 þátttakendum. .

En síðast en ekki síst eru það vettvangsliðar en 225 nemendur hafa lokið 40 klst námi sem Vettvangsliðar (First Responders) síðustu þrjú árin. Það nám er ætlað þeim einstaklingum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkviliðs- eða björgunarsveitarmenn og aðrir skipulagðir hópar þar sem langt er í aðrar bjargir eða veita þarf sérstaka þjónustu áður en sjúkraflutningafólk kemur á vettvang. Námskeiðið er byggt á

viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu.

25 slík vettvangsliðanámskeið hafa verið haldin frá síðustu útskrift, flest fyrir lögreglunema í Háskólanum á Akureyri en nú fá allir lögreglunemar menntun sem vettvangsliðar, en jafnframt voru námskeið fyrir starfsmenn Isavia á Keflavíkurflugvelli, Vettvangsliðahópa á Vestfjörðum, Þingeyjarsveit, Skagaströnd auk starfsfólks Securitas sem sinna neyðarhnöppum. Vettvangsliðar skipa æ stærri sess í viðbragðspjónustunni og eru mikilvæg viðbót. Menntun lögreglunema er mikil framför í öryggismálum og viðbragði þar sem víða eru lögreglumenn fyrstir á vettvang slysa og veikinda og geta þá hafið fyrstu aðgerðir meðan beðið er komu sjúkraflutningamanna og unnið með sjúkraflutningamönnum á vettvangi.

Tölfræði.

Þrátt fyrir Covid hefur starfsemin haldist nokkuð þétt. 2020 skar sig þó úr með aðeins 27 námskeið með 238 nemendum. 2021 voru námskeiðin 54 með 560 nemendum og það sem af er þessu ári hafa veirð haldin 32 námskeið með 282 nemendum. Auk þeirra námskeiða sem að áður greinir sinnir skólinn endurmenntunarnámskeiðum fyrir heilbrigðisstarfsfólk auk þess sem við bjóðum upp á endurlífgunarnámskeið frá ERC fyrir heilbrigðisstarfsfólk og sinnum Heilbrigðisstofnunum víða um land með ný- og símenntun sjúkraflutningamanna, hjúkrunarfræðinga og lækna.

En nóg af tölum. Varla líður sá dagur að landsmenn fái ekki fréttir af slysum um land allt. Við fáum reglulega fréttir af stórum sem smáum slysum með samvinnu og aðkomu margra viðbragðsaðila sem þurfa að vinna saman eins og ein smurð vél þegar á reynir. Samvinna ólíkra

viðbragðsaðila víða af landinu, björgunarsveita jafnt sem atvinnumanna sýnir styrk okkar sem samfélags. Margt hefur áunnist á þessum þremur árum. Ég var harðorður fyrir þremur árum vegna þess að þá var sjúkrabílafloti landsmanna að niðurlotum kominn og mikil þörf á endurnýjun. Segja má að bylting hefur orðið í þeim efnum og flotinn nánast allur endurnýjaður! Kannski má segja að nú sé komin tími á næstu endurnýjun, þá er ég að tala um Bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, eins og fréttir hafa sagt frá þá þarf að gera þar verulega bragarbót á, bæði skipulagi og gera hana þannig úr garði að hún sinni hlutverki sínu. Fyrir þremur árum ræddi ég einnig um Nýleg þingsályktun um eflingu utanspítalþjónustu, hún leiddi til stefnumótunar í málaflokknum til ársins 2030 og nú hefur aðgerðaráætlun litið dagsins ljós. Þar kennir ýmissa grasa til eflingar bráðþjónustu utan spítala, m.a. að kanna hvort grunnám sjúkraflutningamanna eigi heima í almenna skólakerfinu frekar en í sérskóla. Það verður spennandi að sjá hvert sú vinna leiðir og við starfsmenn og leiðbeinendur skólans erum sannarlega tilbúnir til að ræða kosti þess og galla og taka þátt í að þróa þjónustuna áfram. Mörg önnur framfaramál hafa orðið á undanförunum þremur árum, við höfum gert samning við Landsspítala um starfsþjálfun sjúkraflutningamanna, tekið í notkun nýja heimasíðu, fengið aukin stöðuhlutföll við skólann, það er í gangi Evrópuverkefni um samræmingu námsskrár fyrir bráðataækna í Evrópu undir stjórn HLJ fyrrum skólastjóra og SD bráðataeknis, Skólinn hefur fengið betri aðstöðu í Sandgerði hjá BS og nú hyllir undir nýja kennsluástöðu hérna á Akureyri en Slökkviliðið hér eins og víða annars staðar hafa skotið yfir okkur skjólshúsi og erum við ákaflega þakklát fyrir þá samvinnu og velvild við frá SA, já og SHS og SF.

Kæru nemendur.

Þið eruð kannski ekki með lengsta námið miðað við marga aðra en klárlega er ykkar nám ekki minna mikilvægt og verkefnið sem þið eigið eftir að standa frammi fyrir verða örugglega hvorki auðveld né þægileg. En með þekkingu, þjálfun, rólegum huga og jákvæðu hugarfari er ég þess fullviss að þið eigið eftir leysa verkefni ykkar vel af hendi! Munið að sinna öllum skjólstæðingum eins og þið væruð að sinna ykkar nánustu. Það á að vera okkar markmið.

Ég vil að lokum þakka nemendum og leiðbeinendum skólans fyrir mjög gott samstarf, rekstraraðilum sjúkraflutninga, framkvæmdastjórn SAK, sérfræðingaráðinu og fagraði sjúkraflutninga og allra þeirra sem hafa tekið á móti nemendum í starfsþjálfun og klínískt nám. Ég vil sérstaklega þakka umsjónarmönnum grunn og framhaldsnámsins fyrir frábært samstarf, Hrafnhildi Lilju Jónsdóttur hjá Endurlífgunarráði og Adam Óskarssyni og Verkmenntaskólanum á Akureyri fyrir afar farsælt samstarf.

En ég ætla ekki að tefja þetta lengur og vil næst bjóða Hildigunni Svavarsdóttur Forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri og fyrrverandi skólastjóra Sjúkraflutningaskólans velkomna í pontu.